

✉ Re: Umsagna leitað vegna breytingar á deiliskipulagi Voga 1

Búið til	10.12.2020 10:57:54
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	10.12.2020 10:57:53
Tilheyrir	📁 202010-0049 - Breytingar á deiliskipulagi Voga 1

Efni

Re: Umsagna leitað vegna breytingar á deiliskipulagi Voga 1

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	10.12.2020 10:57:53	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	atli@skutustadahreppur.is

Innihald

Tilvísun í málsnr. 202010-0049 (TB)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts og auglýsingar frá Skútustaðahreppi, dags. 26. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingu á deiliskipulagi sbr. meðfylgjandi gögn. Beðist er velvirðingar á því hvað það hefur dregist að svara erindinu.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir erindið. Breytingin er innan svæðis sem þegar er að mestu skipulagt m.a. vegtengingar og lóðir en einnig er verið að taka nýtt svæði undir byggingarreit. Svo virðist vera að ekki sé samræmi á milli þeirra teikninga sem eru sendar með erindinu og skoðunar á loftmyndum af svæðinu og því erfitt að átta sig á staðháttum. Til dæmis er núverandi vegir ekki sýndir með réttum hætti heldur eingöngu vegir skv. skipulagi og þarf því að leita í eldir gögn til að finna hvað breytingarnar fela nákvæmlega í sér. Þetta hefði mátt vinna betur. Eftir því sem best verður séð er verið að taka tiltölulega ósnortið hraun undir nýja lóð og afar mikilvægt að það sé gert snyrtilega og án alls óþarfa rasks. Samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd væri eðlilegt að sýna fram á brýna nauðsyn þess að taka hraun undir sumarhús/íbúðarhús en þar sem um er að ræða tilfærslur innan svæðis sem er á samþykktu skipulagi og er því ekki gerðar athugasemdir við tilfærsluna en áhersla lögð á góða umgengni, jarðminjum haldið eins heilum og mögulegt er, og að komið sé í veg fyrir plöntun á framandi tegundum á svæðinu.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (<mailto:trausti@ni.is>)



From: "Atli Steinn Sveinbjörnsson" <atli@skutustadahreppur.is>
To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC:
Subject: Umsagna leitað vegna breytingar á deiliskipulagi Voga 1
Date: 26.10.2020 16:16:52

Góðan dag,

Leitað er umsagna vegna breytingar á deiliskipulagi Voga 1 í samræmi við 61. gr. náttúruverndarlaga. Deiliskipulagsbreytingin fylgir í kjölfar breytingar sem gerð var á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 – 2023 og snýr að því að breyttri landnotkun og skilgreiningu lóðar fyrir íbúðarhús.

Umsagnafrestur er til 4. desember 2020.

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Bestu kveðjur



Atli Steinn Sveinbjörnsson

Skipulagsfulltrúi

Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit



Sími/Tel. (+354) 464 6664

atli@skutustadahreppur.is (<mailto:atli@skutustadahreppur.is>)

www.skutustadahreppur.is (<http://www.skutustadahreppur.is/>)



Meðferð tölvupósts - Disclaimer (<http://www.skutustadahreppur.is/v/19465>)

Viðhengi

image002.png (7 KB)

image006.png (7 KB)

image005.jpg (26 KB)

image001.png (18 KB)

Auglýsing um deiliskipulagsbreytingu.docx (42 KB)

image001.gif (2 KB)

image007.jpg (1 KB)

201014_Vogar1_dsk-br-225.pdf (484 KB)

image003.png (3 KB)

image004.jpg (1 KB)

image001.gif (2 KB)